

Sådan foregår tolkningen

Tolkningen sker via video. Det betyder, at din tolk IKKE er til stede i lokalet, men kan se og tale med dig og de øvrige deltagere i samtalen via et videokamera og en skærm. Det fungerer ligesom en telefon – bare med kamera og skærm på, så I kan se og høre hinanden.

Du kan hjælpe tolken ved at bruge korte sætninger og holde pauser, så tolken kan nå at oversætte. Undgå slangudtryk og ordsprog. De kan være svære at oversætte, så de betyder det samme i den danske kultur.

Tolken skal oversætte alt, hvad der bliver sagt mellem dig og de øvrige deltagere i samtalen. Tolken er neutral og tager ikke stilling til det, I taler om.

Skal du have foretaget en undersøgelse, som du ikke ønsker tolken skal se, kan du bede personalet om dække eller slukke for kameraet. Tolken kan stadig lytte og oversætte det, I taler om.

Lægen, plejepersonalet og tolken har tavshedspligt. De må ikke fortælle andre om det, I har talt om.

Samtalen bliver ikke optaget.

Svona fer túlkunin fram

Túlkunin fer fram gegnum vídeó (mynd og hljóð). Þetta felur í sér að túlkurinn er EKKI til staðar í herberginu en getur séð og talað við þig og hina þátttakendurna í viðtalinu á skjá, í gegnum myndavél. Þetta virkar eins og sími – bara með myndavél og skjá til viðbótar, þannig að þið getið séð og heyrt í hvert öðru.

Þú getur hjálpað túlkinum með því að velja stuttar setningar og gera hlé á málinu þínu, þannig að túlkurinn nái að ljúka þýðingunni. Ekki nota slangur eða orðatiltæki. Það getur verið erfitt að þýða þannig að þýðingin hafi sömu merkingu á dönsku.

Túlkurinn á að túlka allt sem fer fram á milli þín og hinna þátttakendanna í viðtalinu/samtalinu. Túlkurinn er hlutlaus og tekur ekki virkan þátt í umræðu/samtali ykkar.

Ef það þarf að skoða þig og þú vilt ekki að túlkurinn sjái hvað fer fram/verði viðstaddur, geturðu beðið starfsfólkið um að breiða yfir myndavélina eða slökkva á henni. Túlkurinn heyrir áfram í ykkur og getur þýtt það sem ykkur fer á milli.

Læknirinn, hjúkrunarstarfsfólk og túlkurinn eru bundnir þagnaðarskyldu. Þeir mega ekki segja öðrum frá því sem ykkur hefur farið á milli.

Viðtalið/Samtalið er ekki hljóðritað.